

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

852. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 10. nóvember 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Stefán E. Böðvarsson, aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Dagskrá:

1. Rekstrarupplýsingar 2014
2. Úthlutun úr vaxtasamningi
3. Náttúrustofa Norðurlands vestra
4. Bréf frá Húsfriðunarsjóði
5. Bréf frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands
6. Bréf frá Selasetri Íslands.

Afgreiðslur:

1. **Rekstrarupplýsingar 2014.** Farið yfir rekstrarniðurstöðu fyrstu níu mánaða ársins. Rekstur deilda er almennt í góðu lagi.
2. Úthlutun úr vaxtasamningi. Verkefnið Efling fjárfestinga í Húnaþingi vestra hlýtur styrk úr vaxtasamningnum til kynningar á fjárfestingartækifærum í Húnaþingi vestra.
3. Lagt fram erindi Náttúrustofu Norðurlands vestra vegna framtíðarreksturs stofunnar. Byggðarráð Húnaþings vestra samþykkir sem fyrr að vera til umræðu um framtíð Náttúrustofu Norðurlands vestra sbr. bókun á fundi sveitarstjórnar 13. mars 2014 „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að taka þátt í fundi um mögulegar breytingar á starfsemi Náttúrustofu Norðurlands vestra sem haldinn verður innan tíðar. Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir jafnframt að fela Selasetri Íslands að vinna greinargerð og tillögur um eflingu og fjölgun náttúrutengdra rannsóknarstarfa innan sveitarfélagsins“ Fulltrúi á fundinum verður Unnur Valborg Hilmarsdóttir.
4. Lagt fram bréf frá Minjastofnun Íslands, auglýsing um styrki úr húsfriðunarsjóði. Umsóknarfrestur er til 1. desember nk.
5. Lagt fram bréf Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands dags. 24.10.2014, ágóðahlutagreiðsla 2014. Hlutur Húnaþings vestra árið 2014 er kr. 476.500.
6. Lagt fram bréf Selaseturs Íslands dags. 5. nóv. sl. Þátttaka Húnaþings vestra í fuglastíg á Norðurlandi vestra. Óskað er eftir leyfi Húnaþings vestra til að Hvammstangi og Borðeyri verði merktir inn á kortið sem vænlegir staðir fyrir fuglaskoðara. Byggðarráð samþykkir erindið fyrir sitt leiti. Samþykkt að taka á dagskrá.

7. Erindi frá sviðsstjóra fjölskyldusviðs og leikskólastjóra dags. 8. nóv. sl. um framlag í verkefnið Málörvunar- og læsisstefnu leikskóla í Húnavatnssýslum. Erindinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2015.
8. Lagt fram erindi Skíðadeildar Umf. Tindastóls, beiðni um fjárstyrk vegna uppsetningar á „töfrateppi“ fyrir byrjendur á skíðum. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:49

Stefán Böðvarsson

Elín R. Líndal

Elín Jóna Rósinberg.

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir